



Þróunarverkefnið

„Orð af orði, orðs ég leitaði“



**Verkefni unnið í leikskólanum Reynisholti
2009-2012**

Reykjavík 2012

Leikskólinn Reynisholt

Gvendargeisla 13

113 Reykjavík

Sími 517-5560

Netfang: reynisholt@reykjavik.is

Veffang: www.reynisholt.is

„Orð af orði, orðs ég leitaði“

Verkefni unnið í leikskólanum Reynisholti 2009-2012

Höfundur: Guðrún Sigursteinsdóttir

Ábyrgðarmaður: Sigurlaug Einarsdóttir

Tengiliður leikskólans við verkefnið: Guðrún Grímsdóttir

©Guðrún Sigursteinsdóttir og Sigurlaug Einarsdóttir.

Efni skýrslunnar má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild á skriflegs leyfis

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fræðilegur bakgrunnur og markmið	5
Framkvæmd verkefnis.....	7
Veturinn 2008 - 2009.....	7
Veturinn 2009 – 2010.....	8
Veturinn 2010-2011	9
Samstarf við Sæmundarskóla	9
Mat á verkefninu	10
Viðtöl við deildastjóra	10
Viðtöl við deildastjóra og starfsfólk á elstubarnadeild.....	11
Niðurstöður athuganna úr Sæmundarskóla.....	12
Veturinn 2009- 2010.....	13
Veturinn 2010 – 2011.....	14
Veturinn 2011 – 2012.....	14
Lokaorð.....	16
Heimildir	17
Fylgiskjöl	19

Inngangur

Leikskólinn Reynisholt tók til starfa 30. nóvember 2005 og er í Grafarholti í Reykjavík. Hann er fjögurra deilda og eru 87 börn í leikskólanum. Stutt er í ósnortna náttúru við Reynisvatn sem er í næsta nágrenni.

Leikskólastjóri frá upphafi er Sigurlaug Einarsdóttir en hún lauk meistaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2002. Hún hefur langa reynslu af leikskólastarfi og hefur meðal annars starfað sem leikskólaráðgjafi og var í mörg ár leikskólafulltrúi hjá Hafnarfjarðarbæ.

Stjórnendur í Reynisholti höfðu velt vöngum yfir hvernig efla mætti almenna málörvun barnanna og finna leiðir til að gera þau enn betur undirbúin fyrir grunnskóla ásamt því að efla samstarf bæði við foreldra og kennara grunnskóla. Guðrún Sigursteinsdóttir þáverandi leikskólaráðgjafi í Árbæ og Grafarholti hafði verið í tengslum við leikskólann og var með hugmynd að þróunarvinnu í læsi sem fylgt yrði eftir upp í grunnskóla. Ákveðið var að fara af stað með hugmynd hennar um þróunarverkefni í samstarfi við Sæmundarskóla.

Haustið 2008 var hafist handa um að innleiða þróunarverkefnið “Orð af orði orðs ég leitaði” í leikskólanum. Jafnframt var sótt um og fenginn styrkur kr. 200.000,- frá Þróunarsjóði leikskólaráðs Reykjavíkurborgar. Um haustið voru lagðir inn fimm þættir sem verkefnið felur í sér og miðar að því að auka málvitund leikskólabarna og þjálf þau í undirstöðupáttum lestrarnáms. Lögð var áhersla á námsumhverfi, námsgögn, kennsluaðferðir og kennslutækni. Verkefnið tók mið af skólastefnu og námskrá í Reynisholti, aðalnámskrá leikskóla (1999) og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Unnið var með fimm þætti sem efla málvitund:

Hlustun, frásögn, sögugerð, bókstafsþekkingu og hlutverkaleik.

Ákveðið var að vinna með tvö námsgögn til að efla annars vegar frásagnarhæfni barna og hins vegar hljóðvitund. Þessir tveir þættir tengjast beint við lestrarnám í grunnskóla. Námsgögnin voru sérstaklega hönnuð fyrir leikskólastigið og eru *Sögugrunnur* (Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir (2006) og *Orðahljóð; hljóð, mynd, orð* (Guðrún Sigursteinsdóttir 2009). Sögugrunnur var lokaverkefni Guðrúnar og Rannveigar í diplómanámi í sérkennslufræðum við Kennaraháskólann og var Dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir leiðbeinandi þeirra í verkefninu. Sögugrunnurinn er tæki til að efla frásagnarhæfni barna og þannig efla málþroska þeirra, en Hrafnhildur Ragnarsdóttir hefur rannsakað þróun frásagnarhæfni barna og sýnt fram á mikilvægi þess að efla málþroska á leikskólaaldri (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 1992). Síðara námsgagnið, *Orðahljóð; hljóð, mynd, orð*, er hannað til að vekja athygli ungra barna á hljóðum í orðum og kynna fyrir þeim ritun og byggir á rannsóknum sem segja til um hvað henti best til að börn nái tökum á undirbúningsþáttum lestrarnáms (Ehri, L.C. og Roberts, T. 2006). Námsgagnið eflir hljóðvitund barna en hún er undirþáttur hljóðkerfisvitundar og eini þáttur málvitundar sem snýr að því að vekja athygli á umskráningarþætti lestrar. Umskráning í lestri er geta til að breyta bókstaf í hljóð, til þess að geta lesið og síðan aftur hljóði í bókstaf, til þess að geta skrifað. Markmiðið með spilinum er að

vekja athygli barns, í gegnum leik sem hefur merkingu fyrir það, fyrst á hljóði, í orði og síðan að birtingarformi hljóðsins. Mikilvægt er að vinna út frá hljóðum orðanna til að tengja á markvissan hátt talað mál og ritmál. Til að festa bókstafi í minni á að gefa barni tækifæri til að prófa sig áfram við að skrifa, með sinni skrift. Mikilvægt er að barn í leikskóla, sem er í áhættu um lestrarerfiðleika, fái tækifæri til að læra hljóð bókstafa, heiti þeirra og samhliða að skrifa stafina sem það er að læra að þekkja hljóðrænt (Byrne og Fielding-Barnsley, 1989; Byrne, Fielding-Barnsley, Ashley og Larsen, 1997, 270-273; Ehri, 2006; Morrow, 2001).

Einnig voru notuð skráningarblöð í þróunarverkefninu til að fylgjast með og meta árangur hvers námsþáttar fyrir sig. Verkefnastjóri er Guðrún Sigursteinsdóttir, uppeldis og menntunarfræðingur, sérkennsluráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts og tengiliður innan leikskólans er Guðrún Grímsdóttir, leikskólakennari.

Ég vil þakka kennurum og starfsmönnum Reynisholts fyrir ánægjuleg kynni og samstarf. Guðrúnu Grímsdóttur fyrir mikinn stuðning og óeigingjarna vinnu í verkefninu og leikskólastjóra Sigurlaugu Einarsdóttur fyrir að vera einstakur frumkvöðull að ganga til samstarfs við mig á sínum tíma. Henni ber að þakka að þetta verkefni varð að veruleika.

Guðrún Sigursteinsdóttir.

Fræðilegur bakgrunnur og markmið

Fræðilegur bakgrunnur verkefnisins byggir á fjölda rannsókna sem sýna fram á mikilvægi málþroska (Snow, Burns og Griffin, 1998) til að annar þroski og nám megi verða sem mestur, svo barn geti tekið þátt í samfélagi sem það síðan þarf að verða virkur þátttakandi í, eins og um getur í Aðalnámsskrá leikskóla (1999). Góður málþroski er mikilvægur til að efla vitsmunabroska, læsi, samskipti og að skilja sjónarhorn og sjónarmið annarra. Einnig til að skilja eigin tilfinningar og annarra og til skilnings á því að hver og einn á sér sínar hugsanir, vilja og ásetning (*theory of mind*). Allar rannsóknir á snemmtækri íhlutun á málþroska eru samhljóma um mikilvægi góðs máluppeldis og læsiskennslu barna sem greinast í áhættuhópum. Þættir sem barn þarf að tileinka sér til að ná fullum málþroska eru: Hljóðkerfi og hljómfall, orðaforði, málfræði og setningafræði, málnotkun (skráðar reglur t.d. sögugerð og óskráðar reglur s.s. hvað er viðeigandi í mismunandi aðstæðum).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að hægt er að koma auga á börn sem geta átt í erfiðleikum í formlegu lestrarnámi (hljóðvitund og málskilningur) þegar í leikskólanum (Schatschneider og Torgesen, 2004; Snow, Burns og Griffin, 1998, Gillion, 2002, 2005; Lyytinen o.fl., 2006).

Það er einstaklingsmunur í málþroska barna og hann vex með aldrinum ef ekki er brugðist við sem fyrst. Þessi munur tengist því málumhverfi sem barnið elst upp í. Börn á Íslandi eru flest í sjö til níu tíma á dag í leikskóla frá 2ja ára aldri og því fjarri foreldrum sínum stóran hluta vökutímans. Það hvílir mikil ábyrgð á kennurum leikskóla að skapa málumhverfi sem nýtist öllum börnum til að efla málþroska og undirbúa þau undir áframhaldandi nám því í leikskólanum er grunnur að málfærni og læsi lagður. Það hefur komið fram að leikskólakennarar telja sig ekki hafa næga þekkingu eða tækifæri til að vinna með málþroska barna sem greinast í áættu vaðandi lestrarnám (Guðrún Sigursteinsdóttir, 2007). Markmiðið með verkefninu í Reynisholti er því að jafna einstaklingsmun barna varðandi málþroska og undirbúa þau undir lestrarnám í grunnskóla. Því var haft samstarf við Sæmundarskóla um að fylgjast með árangri barnanna í þrjú ár eftir að þau hætta í Reynisholti.

Eftirfarandi þættir sem kennarar í Reynisholti lögðu áherslu á í verkefninu voru einnig birtir í áfangaskýrslu árið 2011.

Hlustun:

Mikilvægur þáttur til að efla málþroska er að þjálfar börn í að hlusta þegar verið er að lesa fyrir þau. Kennarar í Reynisholti leggja því megináherslu á eftirfarandi aðferð:

Fyrir lestur er valin bók og kennarinn segir frá innihaldi bókarinnar með eigin orðum. Hann útskýrir orð og orðasambönd og leitar eftir hvort börnin hafi skilið það sem sagt var. Eftir lesturinn eru börnin spurð út í söguna, innihald og boðskap. Þau eru látin geta sér til hvað hugsanlega hefði getað gerst næst eða öðruvísi. Þegar við á ritar kennarinn orð úr sögunni til að sýna börnunum orðmyndina og síðan er rætt um hvað það merkir o.s.frv. Sama sagan er lesin aftur og aftur til að gefa börnunum tækifæri til að muna söguþráðinn og ný hugtök sem

þau hafa kynnst. Það hefur komið í ljós að kynni barna af samfelldu máli, orðaforði, reynsla af sjaldgæfum orðum, kynni af bókum og almenn þekking hafa jákvæð áhrif á gengi þeirra í lestrarnámi ekki síður en sterk hljóðvitund (Snow, Burns og Griffin, 1998).

Frásögn:

Frásagnir eru góð leið til að efla málþroska því það að segja sögu reynir á flesta þætti máls og málnotkunar. Ein meginforsenda þess að geta sagt sögu er að vera fær um að nota tungumál



sem sjálfstætt táknerfi, þ.e. að nota orðræðu til að lýsa einhverju sem ekki er nálægt í tíma eða rúmi. Ung börn hafa ekki náð þessari færni. Mál þeirra er bundið við aðstæður og athafnir og þau ganga út frá því að viðmælandi þeirra hafi sömu vitneskju og þau sjálf. Á aldrinum fimm til níu ára verða miklar framfarir í sögugerð því þá eru börn að ná tökum á því að nota málið til frásagnar. Frásagnir barna þróast frá því að vera sundurlaus upptalning á atriðum og atburðum í heilsteypta sögu með markvissri sögubyggingu (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 1992). Við þjálfun í sögugerð má greina framfarir í öðrum þáttum máls og málnotkunar, s.s. orðaforða og málfræði (Rannveig

Oddsdóttir, 2004). Þessi þróun er samfara öðrum framförum í mál- og vitsmunabroska. Það er því mikilvægt að börn í leikskóla fái tækifæri til að þjálfra færni sína í sögugerð því æfingin skapar meistarann í frásagnarfærni sem annarri færni.

Hljóðvitund:

Hljóðvitund hefur sterkt forspárgildi um það hvernig börnum gengur að ná tökum á að umskrá hljóð í bókstafi og tengja þau saman í orð og setningar. Þegar þau eru að ná tökum á þessari tækni, í upphafi lestrarnáms, skiptir þroski hljóðvitundar meira máli en almennur málþroski. Aftur á móti þegar kemur að því að lesa flókinn texta fer að reyna á orðaforða, málskilning og færni í fjölbreyttri og flókinni málnotkun. Til að auðvelda börnum lestrarnám, ekki síst þeim sem eru í áhættu varðandi lestrarerfiðleika, er mikilvægt að vinna með báða þætti lestrarfærni eins og þeir birtast á því þroskaskeiði þ.e. í leikskólanum.

Orðahljóð eru notuð til að vekja athygli barnanna á umskráningarpætti lestrar. Það er að formi til hljóðaspil í líkingu við myndalottó þar sem börn læra að greina upphafshljóð orðs og tengja það hugtaki og síðan ritmynd orðsins. Í leiknum átta þau sig á að hægt er að teygja úr orðinu, telja hljóðin í því og að tengja þau saman í orð. Unnið er markvisst með ritun í tengslum við spilið og börnin ljúka vinnu sinni með því að rita og hljóða orðin sem eru í spilinu.

Bókstafsþekking

Við lestur bóka þarf að kenna börnum á hvern hátt þær eru búnar til, um höfundinn, hvaða tilgangi þær þjóni og reyna að byggja upp jákvætt viðhorf til bókalesturs. Skipuleggja á námsumhverfi á þann veg að það gefi börnunum tækifæri til að læra á markvissan hátt um

ritmál og nota ritun í leik og við skrásetningu frásagna. Hvetja þau til að nota sína eigin skrift (emergent writing). Þau geta notað ritun í hlutverkaleik og safnað orðunum sem þau eru þegar farin að geta skrifað eða hafa löngun til að skrifa en einnig kynna þeim ný hugtök og orð úr sögum sem verið er að vinna með. Ritun er einnig notuð í tengslum við eflingu hljóðvitundar eins og kemur fram hér að framan.



Hlutverkaleikur

Í leik gefst börnum tækifæri til að nota mál á gagnvirkum hátt og í samskiptum og samvinnu með öðrum börnum. Leikur er bæði vitræn og félagsleg athöfn (Bodrova og Leong, 2007:129). Í gegnum leik geta börn þróað hugsun sína með því að skipuleggja leikinn fyrirfram og ræða um atburði og atburðarrás sem þau vilja hafa í leiknum en einnig til að átta sig á hvert leikurinn á að leiða en við það eflist rökhugsun (Bodrova og Leong, 2007; Morrow, 2001 og 2007).

Hér er stuðst við skilgreiningu Vygotski á hlutverki leiks í þroska barns. Hann telur að þegar börn leika sér saman skapist aðstæður til að barn nái lengra í þroska en ef það væri eitt í leik (the zone of proximal development). Bestur árangur næst ef kennarinn er virkur þátttakandi í leik barnanna (Bodrova og Leong, 2007). Í leikaðstæðum gefst börnum tækifæri til að vinna með hugsanir sínar á hlutbundinn hátt og átta sig á eigin tilfinningum og líðan. Leikur er leið til að efla áhuga á því sem barn þarf að læra s.s. hegðun, að skiptast á og taka tillit til annarra, að hafa stjórn á tilfinningum og hverju því sem barn þarf að ná tökum á, hjá sjálfu sér, til þroska og vellíðunar.

Framkvæmd verkefnis

Veturinn 2008 - 2009

Haustið 2008 var hafist handa við að innleiða þróunarverkefnið. Verkefnastjóri kom með námsefni, áætlun og leiðir til að þjálfa þá fimm þætti sem verkefnið felur í sér. Það voru einungis elstu börnin sem tóku þátt í öllum fimm þáttunum um veturinn. Haldnir voru fundir hálfsmánaðarlega til að byrja með, þar sem verkefnastjóri og tengiliður leikskólans settu niður og skipulögðu framkvæmd verkefnisins. Ákveðið var að hafa einn aðila á



hverri deild sem bæri ábyrgð á framkvæmd þess. Jafnhliða þessu verkefni var komið á fót og þróað verkefni sem nefnist bókaormurinn en með því er verið að fá foreldra til samvinnu um að styðja enn betur við málumhverfi barnanna og gera þá meðvitaða um mikilvægi þess. Bókaormurinn er bakpoki sem inniheldur tvær bækur til að lesa saman heima ásamt bangsaorminum sem fær að heimsækja börnin og hlusta á sögurnar með þeim. Auk þess er í

pokanum skráningarbók sem foreldrar geta ritað í og tjáð sig um hvernig hefur gengið. Með þessu er verið að leggja inn ákveðinn boðskap til barnanna því valdar eru bækur með tilliti til dygðar sem kennarar eru að vinna með hverju sinni í leikskólanum.

Þegar unnið var með *Sögugrunn* og *Orðahljóð* var miðað við þrjú til fimm börn í hóp. Það var gert til að ná sem bestum árangri og virða einstaklingsþarfir hvers og eins. Unnið var með verkefnið á ákveðnum tímabilum og gert hlé á milli. Fyrst var unnið með það í hópastarfi en að lokum gaf besta raun að flétta það inn í skipulag kyrrðarstunda. Verkefnastjóri lagði til skráningablöð fyrir lestur með börnum, söngstund og hlutverkaleik. Einnig voru ritunarblöð með *Orðahljóðum* þar sem börnunum var gefið tækifæri til að teikna myndirnar sem þau voru að vinna með og skrifuðu eftir forskrift orðin/hugtökin á spjöldunum.



Málþroskamat var gert á elstu börnunum þar sem athugaðir voru þættir er varða læsi ungra barna einnig var notað skráningablað að vori til að kanna stafabekkingu barnanna. Skráningablöðin voru einkum ætluð til þess að finna þau börn sem þyrftu frekari stuðning og eftirfylgni.

Haldnar voru kynningar (Guðrún Sigursteinsdóttir) á námsþáttum og mikilvægi þeirra á starfsmannafundum leikskólans og starfsfólki boðin ráðgjöf og stuðningur.

Veturinn 2009 – 2010

Haustið 2009 var gerð námsskrá (sjá fylgiskjal) sem beindi sjónum að eflingu málvitundar barnanna einnig var lagt upp með að verkefnið yrði tekið inn á tvær miðdeildir leikskólans. Þá var unnið með *Sögugrunninn* og *Orðahljóðin* með eldri börnum miðdeildanna og vinnan gerð markvissari með elstu börnunum. Til dæmis var unnið með verkefnið yfir lengra tímabil og sett upp skipulag þannig að öll elstu börnin færu í gegnum alla þætti verkefnisins. Keyptar voru segultöflur og upptökutæki fyrir *Sögugrunninn*.

Haldnir voru fundir (Guðrún Sigursteinsdóttir) með hverri deild fyrir sig til að kynna námsþætti verkefnisins og mikilvægi þess fyrir nýjum starfsmönnum en einnig þeim sem ekki höfðu tekið þátt í verkefninu fyrri veturinn. Tekin voru viðtöl við deildarstjóra þar sem þeir voru spurðir um álit sitt á verkefninu og hvernig gengi að framkvæma það.

Verkefnið var kynnt á Stóra leikskóladeginum og sáu verkefnastjóri og tengiliður leikskólans um kynninguna. Þar komu fram fyrstu niðurstöður á athugun barnanna í Sæmundarskóla en þær gáfu mjög jákvæðar vísbendingar um árangur verkefnisins í leikskólanum.

Veturinn 2010-2011

Markmið vetrarins var að flétta verkefnið enn betur inn í daglegt starf í leikskólanum. Lögð var meiri áhersla á að hafa bókstafi og rituð orð sýnileg og aðgengileg í umhverfi barnanna og yngsta deildin tengdist inn í verkefnið í gegnum þulur og rytma. Eins hafa starfsmenn þar nýtt *Sögugrunninn* sem málörvunarefni en mikilvægt er að leggja inn heiti og þekkingu á hlutum og hugtökum sem felast í námsefninu. Unnið var eftir námskrá sem beindi sjónum að öllum þáttum verkefnisins. Haldnir voru kynningarfundir (Guðrún Sigursteinsdóttir) með nýju starfsfólki svo og öðrum kennurum og leiðbeinendum sem vildu svör við spurningum sem vaknað höfðu varðandi verkefnið.

Um vorið var tengiliður leikskólans með kynningu á verkefninu á Leikskólasviði en það hafði sóst eftir kynningum á verkefnum tengdum málþroska barna.

Tekin voru viðtöl við deildastjóra, þeir spurðir um álit sitt, hvernig gengi að vinna verkefnið og áhrif verkefnis á aðra þroskapætti hjá börnunum.

Samstarf við Sæmundarskóla

Áætlað var að fylgjast með lestrarárangri barna fyrstu þrjú árin í Sæmundarskóla. Þar voru ýmsir þættir athugaðir þegar við upphaf skólagöngu og haustið 2009 kom strax fram betri árangur barna frá Reynisholti á flestum þáttum sem skoðaðir voru miðað við árangur barna frá öðrum leikskólum (sjá niðurstöður frá Sæmundarskóla). Jafnframt voru niðurstöður á lestrarfærni barnanna þá um vorið að styðja enn frekar við ágæti verkefnisins.



Í vinnuhópnum í Sæmundarskóla voru þorgerður S. Guðmundsdóttir, fagstjóri sérkennslu sem er verkefnastjóri, Hrafnhildur Halldórsdóttir, talmeinafræðingur sem nú er hætt stöfum í skólanum og komin til Heyrnar og talmeinafræðingur Íslands og Þóra Stephensen, aðstoðarskólalastjóri svo og Guðrún Sigursteinsdóttir.

Markmiðið með verkefninu í Sæmundarskóla var þríþætt:

- Stuðla að aukinni samfelli í námi barna frá leikskóla yfir í grunnskóla.
- Gera mat á framvindu máls og lestrarnáms barna sem koma í Sæmundarskóla frá Reynisholti og hafa tekið þátt í þróunarverkefni þar sem miðar að því að undirbúa leikskólabörn fyrir formlegt lestrarnám.
- Bera framvindu máls og lestrarnáms barna af Reynisholti saman við framvindu náms barna sem koma frá öðrum leikskólum.

Mat á verkefninu

Viðtöl við deildastjóra

Tekin voru viðtöl við deildastjóra vorið 2009 eftir annan veturinn.

Lagt var upp með þrjár spurningar:

1. Hvaða skoðun hefur þú á þróunarverkefninu „Orð af orði“ og hvernig hefur gengið með það á deildinni?
2. Hvernig fannst þér ganga á síðasta vetri og er eitthvað öðruvísi á þessum vetri.
3. Kostir og gallar, eitthvað sem þú sérð að hefur jákvæð áhrif og eitthvað sem mætti betur fara?

Allir deildarstjórnarnir höfðu jákvætt viðhorf gagnvart verkefninu og fram kom að mikilvægt var að festa stundirnar inn í dagskipulaginu. Skráningar og málþroskamat voru þættir sem allar deildir vildu leggja meiri áherslu á.

Deildarstjóri yngstu deildar fannst jákvætt að taka þátt í þróunarverkefninu, sagðist hafa unnið með frásögn í hópastarfi og í samverustundum var unnið með rythma og þulur. Veturinn hafði byrjað vel fyrir jól en svo fór mikill tími í flutning deildarinnar og aðlögun nýrra barna á miðjum vetri. „Það hjálpar að minna mig á að sjá Guðrúnu Sigursteinsdóttur koma í hús reglulega“.

Deildastjórum á miðdeildum fannst jákvætt og skemmtilegt að vinna verkefnið og hefur gengið betur eftir að festir voru niður ákveðnir tímar til að vinna með þessa þætti.



Á annarri deildinni var einn ákveðinn starfsmaður sem sá um þætti verkefnisins og með því móti varð markvissara starf þann vetur en árið áður. Starfsmanninum fannst kostur að sjá hversu jákvæð áhrif verkefnið hafði á börnin en einnig erfitt ef ekki var hægt að glæða áhuga hjá þeim.

Á hinn deildinni hafði nýr deildarstjóri tekið við deildarstjórn á miðjum vetri og sagði það hafa tekið tíma að koma skipulagi á hlutina. Hún hafði byrjað í Reynisholti þann vetur og því ekki verið með í verkefninu frá upphafi. Auk þess urðu nokkrar mannabreytingar á deildinni sem varð til þess að skipulagið fór seint af stað. Deildarstjóranum fannst jákvætt að vinna að verkefninu en jafnframt erfitt að finna tíma.

Á elstu deildinni kom fram að unnið var með *Sögugrunn* og *Orðahljóð* í hópastarfi og málörvunartímum en ekki í kyrrðarstundum eins og árið áður. Verkefnið var unnið af meiri festu árið áður þar sem tímarnir áttu til að detta niður sökum manneklu. Deildarstjóri velti

Því fyrir sér hvort ekki væri betra að virkja alla starfsmenn deildarinnar. Deildarstjóra fannst jákvætt að fá tæki eins og *Sögugrunn* og *Orðahljóð* til að vinna með.

Viðtöl við deildastjóra og starfsfólk á elstubarnadeild

Viðtöl voru tekin við deildarstjóra og starfsfólk á deild elstu barnanna haustið 2011.

Spurningar sem lagt var upp með:

1. Hvernig finnst þér að vinna með *Sögugrunn/Orðahljóð* með börnunum og lýstu í stuttu máli hvernig stundin gengur fyrir sig?
2. Á hvaða hátt finnst þér verkefnið hafa haft áhrif á aðra þætti í starfinu eins og leik barna?
3. Hvaða skoðun hefur þú á verkefninu og hvaða sýn hefur þú á kennslu barna í leikskóla varðandi málproska og læsi.

Deildastjórar á miðdeild voru sammála um að börnin væru mjög áhugasöm og þætti gaman í stundunum.

Í *Sögugrunni* segir hvert barn sína sögu fyrir hin börnin og notar til þess myndir sem það hefur valið sér og í lokin gera allir eina sögu saman. Börnin eru fjögur saman í hóp.

Í *Orðahljóðum* eru börnin einnig fjögur til fimm í hóp. Þau sitja með spjöldin fyrir framan sig og byrjað er að fara yfir myndirnar og fyrsta hljóðið í orðinu. Síðan er valið hljóð og börnin finna myndir sem byrja á sama hljóði. Ef börnin eru í vandræðum er farið í næsta hljóð í orðinu. Þegar búið er að setja spjöld á allar myndirnar á stóra spjaldinu fá börnin blöð og skrifa orðin og teikna mynd af hugtökunum sem verið var að vinna með.

Deildastjórar voru sammála um að verkefnið auki áhuga barnanna á stöfum, þekkingu á stöfum í bókum og vilji merkja hluti eins og til dæmis í einingakubbum og meiri leikur er með ritmál eins og skrifstofudót. Það kom fram að börn sem hafa leikið með *Sögugrunnin* eiga mun auðveldara með að segja sögur en þau sem ekki hafa þá reynslu.

Deildastjórum fannst verkefnið gott til þess að vinna á forsendum barnanna í gegnum leik. Börnin ráða ferðinni sjálf og vinna hvert og eitt eftir sínum þroska hverju sinni. Auðvelt er fyrir kennara að draga úr og auka þyngd verkefna miðað við hvernig barnahópurinn er samansettur. Þeim finnst mikilvægt að efla málproska barnanna áður en þau fara í grunnskólann.



Á elstu deildinni var ákveðið að taka viðtöl við allt starfsfólkið en verkefnið var unnið að mestum hluta þar og tók allt starfsfólkið þátt í því. Starfsfólk var sammála um að börnin væru

áhugasöm og virk í stundunum. “... *gaman að sjá áhugann hjá börnunum og þess vegna verður stundin skemmtileg*” (starfsmenn á elstu deild leikskólans).

Á elstu deildinni eru börnin að nota allt að fimm myndir í einu í *Sögugrunninum* og segja sögu sem tengjast myndunum. Sögurnar þróuðust og áhugi vaknaði fyrir orðmyndunum sem fylgdu hverri mynd.

Í *Orðahljóðastundum* var byrjað á því að fara yfir spjöldin, bæði myndir og stafi. Síðan var spilað eftir getu hvers hóps. Hægt er að einfalda spilið með því að hljóða fyrstu hljóðin í orðinu eða allt orðið. Einnig er hægt að gera það flóknara með því að þau finni hljóð í miðju orði, finna önnur orð sem byrja á sama hljóði og safna þannig myndum til viðbótar. Að lokum skrifa þau svo orðin sem þeim finnst spennandi og teikna myndirnar.

Það vakti eftirtekt starfsmanna að börnin lærðu um tengsl talmáls og ritmáls og þau gerðu sér grein fyrir því að á bak við hvert talað orð eru hljóð og í framhaldi af því stafaröð. Leikurinn með hljóðin og stafina hefur vakið mikinn áhuga hjá börnunum á því hver á hvaða stafi og reyndu þau að heyra hvort ákveðin hljóð heyrðust í orðum og nöfnum.



Börnin leika sér nú mikið með stafi og í stafa- og hljóðaleikjum. Einnig eru þau að skrifa og herma eftir og sérstaklega er mikill áhugi á að búa til bækur. Hlutverkaleikurinn er þróaðri og heilsteyptari en áður og þau segja sögur úr bókum með því að horfa á myndirnar.

Starfsfólk var sammála um að verkefnið væri frábær leið til þess að örva áhuga barna á lesmáli og gefa þeim góðan grunn fyrir grunnskólann.

„Mín sýn er að örva eigi börn og vekja áhuga þeirra í gegnum leikinn á læsi og lestri. Börn á leikskólaaldri eru mjög tilbúin að tileinka sér hluti“ (starfsmaður á elstu deild).


Niðurstöður athuganna úr Sæmundarskóla

Hér eru lagðar fram fyrstu niðurstöður árganganna 3ja sem tóku þátt í verkefninu í Sæmundarskóla þar sem fagstjóri sérkennslu, Þorgerður Guðmundsdóttir og talmeinafræðingur Hrafnhildur Halldórsdóttir prófuðu börnin á þeim þáttum sem notaðir voru fyrstu tvö árin utan HLJÓM-2 prófsins. Síðasti árgangurinn var prófaður með nýju skimunartæki sem ákveðið var að nota til frambúðar í Sæmundarskóla.

Veturinn 2009- 2010

Vorið 2010 lágu fyrstu niðurstöður fyrir. Borinn var saman árangur barnanna sem komu úr Reynisholti við árangur barna úr öðrum leikskólum. Bláa súlan á töflu 1 er hópur 1 (Reynisholt) en fjólubláa súlan er hópur 2, viðmiðunarhópur (börn úr öðrum leikskólum).

Tafla 1




Það kemur vel fram að börnin í hópi 1 eru hærri á öllum þáttum sem prófaðir voru nema Volapyk (orðleysur) og marktækur munur er á HLJÓM-2 prófinu og hljóðtenginu í súluritinu en einnig í að aðgreina hljóð en þessir tveir þættir eru mikilvægir þættir í umskráningu lestrar. Börnin í hópi 1 þekkja einnig fleiri algeng orð en viðmiðunarhópurinn. Börnin í fyrsta árgangi voru prófuð sérstaklega í lestri þetta vor og þar kom fram að hópur 1 var með mun betri leshraða en viðmiðunarhópurinn. Prófið var ekki staðlað hóppróf svo ekki er hægt að notast við það sem forspá á lestrargetu barnanna í hópunum. Það gefur samt ákveðna vísbendingu um að börnin frá Reynisholti séu að koma, þetta fyrsta ár, betur undirbúin til náms í grunnskóla en viðmiðunarhópurinn.

Veturinn 2010 – 2011

Eins og sjá má á töflu tvö er hópur 1 ennþá með betri niðurstöður í heildina en viðmiðunarhópurinn en munurinn er ekki eins mikill og árið á undan. Enn er munur á HLIÓM-2, stöfum, hljóðum, hljóðtengingu og sundurgreiningu.

Tafla 2




Veturinn 2011 – 2012

Haustið 2011 var ákveðið, í Sæmundarskóla, að hefja notkun á skimunarprófinu *Leið til læsis* en það er samið af eftirtöldum sérfræðingum; Steinunni Torfadóttur, Helgu Sigurmundsdóttur, Sigurgrími Skúlasyni, Ásthildi Bj. Snorradóttur, Bjartey Sigurðardóttur og Jóhönnu Ellu Jónsdóttur. Í prófinu eru skoðaðir þrír aðskildir færniþættir sem leggja grunn að lestrarnámi, en það eru: Málskilningur og orðaforði, bókstafa og hljóðþekking og hljóðkerfis- og hljóðvitund. Leið til læsis er í raun kerfi sem byrjar á lesskimun í 1. bekk og staðsetur nemendann hvað varðar lestrarfærni. Á heimasíðu Námsmatsstofnunar segir um próftækið:

„Leið til læsis kerfið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hve vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum, en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning. Niðurstöður skimunarprófsins eru tengdar kennsluleiðbeiningum sem gera kennurum kleift að bregðast við með ólíkum hætti eftir því hvernig styrk- og veikleikar nemenda birtast í hverjum þessara færniþátta. Leiðbeiningar og hugmyndir um kennslu eru í kennsluhandbók sem bekkjarkennarar eiga kost á en þær byggja á raunprófuðum kennsluaðferðum í anda hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun við lestrarerfiðleikum. „

Þetta haust voru því ekki sömu þættir skoðaðir og áður þegar börnin komu í grunnskólann frá Reynisholti. Það þurfti því að gera nýtt forrit til að bera saman hópana á þeim þáttum sem *Leið til læsis* kannar við upphaf skólagögnu en þeir eru; Skilningur á setningum, Hugtakaskilningur, Stafabekking, Að tengja hljóð við staf, Að greina rím, Að greina hljóð í orðum, Hljóðtenging, Hljóðeyðing – forhljóð, - endahljóð og innhljóð. Einnig var Boehm og endurtekning setninga athugað til viðbótar af hálfu skólans (sjá töflu 3).

Tafla 3



Þegar skoðaðar eru niðurstöður á samanburði hópanna þetta árið kemur í ljós að hópur 1 kemur aftur, þriðja árið í röð, betur út á hljóðvitundarþáttum og einnig í stafabekkingu.

Þegar allar töflurnar eru bornar saman þá er nokkuð augljóst að börnin úr Reynisholti eru að koma betur undirbúin undir lestrarnám en viðmiðunarhópurinn og því má leiða líkur að því að þróunarverkefnið hafi náð tilætluðum árangri. Lestur er mikilvægt tæki til að afla sér þekkingar og þátttöku í samfélagi þar sem færni varðandi upplýsingaöflun er mikilvæg til velgengni í lífinu. Framhald þessarar athugunar verður aðeins ef hægt verður að bera saman hópana á stöðluðum lestrarprófum í Sæmundarskóla og að því er stefnt næsta vetur þar sem fyrsti árgangurinn fer í samræmd próf í 4. bekk.

Lokaorð

Verkfæri er hlutur sem hjálpar manninum við að leysa vandamál, tæki eða tækni sem auðveldar viðkomandi að framkvæma eða gera það sem annars væri erfitt eða jafnvel ómögulegt að framkvæma. Með því að nota vogarstöng getur maður lyft bjargi sem annars er of þungt til að hreyfa með handafli. Sög bútar við í eld til að kynda húsnæði og svo mætti lengi telja. Þessi verkfæri auka möguleika mannsins á að ná lengra en annars væri unnt án þeirra. Á sama hátt og maðurinn hefur aflað sér tækni til að leysa hlutbundinn vanda þá hefur tæknin einnig verið notuð til að búa til annarskonar verkfæri, það er, til að efla, kenna og þjálfra vitræna starfsemi. Hér er verið að tala um kennslugögn eða öðru nafni verkfæri hugsunar, *tools of the mind* (E.Bodrovia & D.J.Leong, 2007). Þessi verkfæri hugsunar hjálpa manninum til að; tileinka sér, muna og efla hugsun. Þau eru hagkvæm þeim sem eiga við námsvanda að stríða og geta veitt börnum í áhættu á námsvanda mikilvægt forskot varðandi nám á seinni skólastigum en einnig eru þau leið fyrir börn til að læra gegnum leik það sem annars væri þeim erfitt að tileinka sér seinna meir. Vygotsky, sá merki fræðimaður, áleit að það væri í hlutverki kennara ungra barna að hjálpa þeim að tileinka sér tæki/tækni til að þróa hugsun sína. Í því felst að leikskólakennarar þurfa að nýta sér hlutbundnar kennsluaðferðir til að kenna börnum það sem síðar verður óhlutbundin starfsemi hugsunar (Bodrova & Leong, 2006). Það er mikilvægt að í leikskóla læri börn tengsl talmáls og ritmáls og með því heiti bókstafa um leið og aðrir þættir málþroska eru efldir s.s. hlustun, hugtakaforði, uppbygging setninga og framburður. Aðferðir sem efla hljóð- og hljóðkerfisvitund eiga að vera ánægjuleg reynsla og stuðla að samvinnu og framvindu í leik barna en mikilvægast til árangurs er að hljóð- og stafakennsla hafi persónulega merkingu fyrir barnið (Morrow, 2007). Námsgögnin í þróunarverkefni Reynisholts eru ekki bara „einhver spil“ heldur voru þau hönnuð með það í huga að vera *tools of the mind* í anda Vygotsky. Þau eru verkfæri til að efla hugsun leikskólabarna og tæki til árangursríks læsisnáms sem hæfir aldri og þroska þeirra.

Heimildir

- Bodrova, E. og Leong, D.J. (2006). Vygotskian perspectives on teaching and learning early literacy. Í D.K. Dickinson og S.B. Newman (ritstj.), *Handbook of early literacy research* (bls. 243-256). New York: The Guilford Press
- Byrne, B. og Fielding-Barnsley, R. (1989). Phonemic awareness and letterknowledge in the child's acquisition of the alphabetic principle. *Journal of Educational Psychology*, 82, 805-812.
- Byrne, B., Fielding-Barnsley, R., Ashley, L. og Larsen, K. (1997). Assessing the child's and the environment's contribution to reading acquisition: What we know and what we don't know. Í B.A. Blachman (ritstj.), *Foundations of reading acquisition and dyslexia. Implications for early intervention* (bls. 265-285). London: Lawrence Erlbaum Associates.
- Ehri, L.C. og Roberts, T. (2006). The roots of learning to read and write: Acquisition of letters and phonemic awareness. Í D.K. Dickinson og S.B. Neuman (ritstj.), *Handbook of early literacy research* (bls. 113-130). New York: The Guilford Press.
- Gillion, G.T. (2002). Follow-up study investigating the benefits of phonological awareness intervention for children with spoken language impairment. *International Journal of Language & Communication Disorder*, 37(4), 381-400.
- Gillion, G.T. (2005). Facilitating phoneme awareness development in 3- and 4-year old children with speech impairment. *Language, Speech & Hearing Services in Schools*, 36(4), 308-352.
- Guðrún Sigursteinsdóttir (2007). Bernslulæsi – lestrarerfiðleikar, þekking brúar bilið. Meistaraprófsritgerð, Kennaraháskóli Íslands.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir (1992). Episodic structure and interclausal connectives in Icelandic children's narratives. Í R. Söderberg (ritstjóri), *Berättelser för och av barn* (bls. 33-45). Lund: Lund University Child Language Research Institute.
- Lyytinen, H., Erskine, J., Tolvanen, A., Torppa, M., Poikkeus, A.M. og Lyytinen, P. (2006). Trajectories of reading development: A follow-up from birth to school age of children with and without risk for dyslexia. *Merrill-Palmer Quarterly*, 52(3), 514-546.
- Morrow, L.M. (2001). *Literacy development in the early years* (4. útg.). Boston: Allyn and Bacon.
- Morrow, L.M. (2007). *Developing literacy in preschool*. London: The Guilford Press.
- Schatschneider, C., Fletcher, J.M., Francis, D.J., Carlson, C. D. og Foorman, B.R. (2004). Kindergarten prediction of reading skills: A longitudinal comparative analysis. *Journal of Educational Psychology*, 96(2), 265-282.
- Rannveig Oddsdóttir (2004). *Málproski og sögugerð 5-6 ára barna*. Meistaraprófsritgerð, Kennaraháskóli Íslands.

Snow, C. E., Burns, M. S. og Griffin, P. (ritstjórar) (1998). Preventing reading difficulties in young children. *Washington, DC.: National Academy Press.*

Bernskulæsi

Námsáætlun 4ra til 6ára barna í Reynisholti námsárið 2009 - 2010
Þróunarverkefnið “Orð af orði orðs ég leitaði”

Fjögurra ára börnin:

Haustönn 2009 september – desember.

Hlustunarleikir og rím

Markmiðið er tvíþætt. Annars vegar að kynna fyrir þeim leiki með orð og tungumál áður en farið er í þyngri verkefni. Hins vegar að efla hlustun og athygli.

Hlustunarleikir:

- Bundið fyrir augun og reynt að benda hvaðan hljóðið kemur,
- Greina ákveðin hljóð úr mörgum (finna barnið með rétta orðið),
- Klukkuleikurinn,
- Breyta texta með því að setja inn eitthvað sem kemur á óvart,
- Símon segir,
- Hvíslleikur (eitt orð sem fer hringinn),
- Að fara eftir fyrirmælum í réttri röð (sequential steps).
- Rímleikir:
- Bækur með ljóðum, og sögum sem ríma. Börnin læra ljóðin utanað (öll).
- Rímorðin sögð hátt en annað hvíslað, textinn sagður hátt en rímorðin hvísluð, rödd hækkuð og lækkuð eftir efni eða með ákveðinn tilgang í huga.
- Eitt barn fer með eina línu í einu og síðan koll af kolli (einnig hægt að hafa það orð).
- Óbundinn texti með rímorðum þar sem kennarinn stöðvar lesturinn áður en kemur að seinna rímorðinu og börnin þurfa að geta. Sama bókin lesin aftur og aftur þangað til allir geta og hafa gaman af.
- Kenna börnunum rímleiki eins og “Ugla sat á kvisti” þegar verið er að skipta í hópa eða fara út o.s.frv.
- Dýra rím: Kennari segir köttur – höttur og spyr síðan barnið getur þú fundir út hvað rímar við hundur – (fundur) o.s.frv.
- Leikir sem eru skemmtilega fáránlegir t.d. “hefurðu séð hund fá sér blund?” en hest tala við prest? (fleiri leikir væntanlegir).
- Öll börnin búa sér til rímbók.

Vorönn 2010 janúar – maí.

Sögugrunnur

Orð og setningar í tengslum við sögugerð (Sögugrunnurinn). Um leið og börnin eru þjálfuð í að segja sögu með myndum þá er kynnt fyrir þeim hvað er orð – setning – saga (lengra mál).

- Hver saga er safn af setningum og setningar eru búnar til úr orðum. Tengja saman myndir og orð og búa til setningar úr nafnorðum og sögnum – atviksorðum t.d. “stelpan sest á stólinn”.

- Hlusta eftir ákveðnum orðum í setningum, telja hvað eru mörg orð í setningu í sögunni sem barnið býr til.
- Vinna með stutt og löng orð (einnig hægt að gera í tengslum við sögugerð eða sjálfstætt verkefni).
- Láta börnin mynda röð þar sem hvert og eitt þeirra á eitt orð í setningunni sem verið er að skoða. Þau eiga að muna orðin og raða sér upp eftir því sem kennarinn les textann. Einnig hægt að vera með stuttar vísur (þá er einnig hægt að vinna með rímorðin).
- Klappa atkvæði í orðum. (Telja atkvæðin).
- Einnig láta þau átta sig á hvernig orðin eru skrifuð.
- Nöfn barnanna, texta í ljóðum, klappa og segja hátt, klappa og hvísla og klappa og hugsa orðið.
- Vera með kassa með orðum og barn dregur orð og allir klappa (einig hægt að hoppa, smella fingrum, kinka kolli, beygja handlegginn, slá í borðið o.s.frv.) börnin safna orðum (keppni).
- Segja hægt orð með því að skipta þeim eftir atkvæðum – giska á hvert orðið er...
- Leikurinn um litla trölíð sem kunni ekki mannamál (atkvæði nú, seinna hljóð).

Fimm ára börnin:

Haustönn 2009 september - desember.

- Vinna áfram með sögugerð. Taka upp sögur barnanna með reglulegu millibili og skrifa niður og búa til bók. Tengja orðmyndir og myndir og ræða um upphafshljóð í orðum og tengja leikjum sem koma hér á eftir.
- Vinna með staf vikunnar allan veturinn.
- Finna upphafshljóð í orðum, geta uppá orðum, nöfnum með því að segja fyrsta hljóðið. Hver er hér inni sem á nafn sem byrjar á þessu hljóði Ó..., G..., S..., Hlusta, skoða orðin, tengja við stafinn. (Orðahljóð). Nota töflu, skrifa orðin. Finna hluti í stofunni með því að hlusta eftir fyrsta hljóði í orði. Ég er að hugsa um hlut sem byrjar á (sjá leikjablað).
- Að telja hljóð í orði.
- Að taka hljóð í burtu, hvað verður eftir þegar ég tek mmmm af múr? O.s.frv.
- Stundum er hægt að búa til nýtt orð með því að bæta hljóði fyrir framan t.d. úr ef b er sett fyrir framan hvaða orð verður þá??
 - Úr – b-úr, úr – l-úr, úr – k-úr, úr – s-úr o.s.frv. þegar börnin eru orðin góð í þessum leik er hægt að fara í leik sem heitir kóngulóarvefurinn. (hnykill sem er kastað á milli barna sem sitja í hring og börnin finna nýtt og nýtt orð til að búa til eins og hér að framan.
- Finna endahljóð í orðum.
- Nota myndir úr Orðahljóðum sem byrja á sama upphafshljóði og fá börnin til að finna hvaða orð enda á sama hljóði (t.d. afmæli – alda - ananas– api; fjöður – fíll – fáni- fótur; lás – lamb – lax – lús o.s.frv.).
- Myndir úr Orðahljóðum dreift á borð og börnin beðin um að finna myndirnar þar sem orðin enda á ákveðnu hljóði s.s. ssssssss (gras)
- Kóngulóarvefurinn þennan leik er hægt að leika til að finna börnin sem enn eiga í erfiðleikum með hvaða orð verður eftir þegar ákv. hljóð er tekið af (hljóðgreining) og einnig við að finna út hvaða orð verður til með því að bæta hljóði við orð (hljóðtenging). (búa til orðalista fyrirfram til að auðvelda kennara að stjórna leiknum).

Vorönn 2010 janúar – maí.

- Sögugerð og ritun. Búa til bækur þar sem börnin teikna myndir í sambandi við stafi og orð. Áhersla á ritun. Tveggja hljóða orð, þriggja hljóða orð o.s.frv. Vinna með rímorð og skrifa þau. Læra vísur, skrifa teikna og taka út rímorðin og skrifa þau.
- Setja saman orð og taka orð í sundur (Hljóm-2).
- Nota myndir úr Orðahljóðum. Velja 2ja, 3ja og 4ra orða orðmyndir. Börnin sitja í hring á gólfinu með kennaranum. Allir hafa litla trékubba. Kennarinn lætur börnin, eitt af öðru, draga mynd. Þau telja hljóðin í orðunum og finna jafnmarga kubba, einn kubbur, eitt hljóð.